

10. gr.

Ríkissjóður greiðir þóknun nefndarmanna samkvæmt reglugerð þessari eftir mati þóknananeftndar.

11. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins skal vera mönnunarnefnd til ráðuneytis við afgreiðslu erinda sem nefndinni berast samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar í samræmi við ákvæði laga um stofnunina.

Siglingamálastofnun ríkisins gefur út mönnunarskírteini fyrir hvert íslenskt kaupskip í samræmi við ákvarðanir mönnunarneftndar.

Mönnunarskírteinin skulu vera gerð í samræmi við kröfur Alþjóða siglingamálastofnunarinnar (IMO) og ákvæði alþjóðasamþykktarinnar frá 1978 (STCW), um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, og þeim breytingum sem á þeirri samþykkt kunna að verða gerðar. Siglingamálastofnunin hefur samráð við samgönguráðuneytið um gerð skírteinanna.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa nr. 59/1995, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði reglugerðar um mönnunarnefnd nr. 64/1985, sbr. rg. nr. 630/1991 að svo miklu leyti sem sú reglugerð tekur til flutningaskipa og farþegaskipa.

Samgönguráðuneytið, 9. júní 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á Þorragötu, húsagötu fyrir nr. 5, 7 og 9, gagnvart umferð á Þorragötu.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. júlí 1995.

Böðvar Bragason.